

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 19. maí kl. 10:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 869. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Brynja Kemp Guðnadóttir og Sigríður Lára Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Álfsnes, ósk um umsögn vegna starfsleyfis** (36.2) Mál nr. SN220148  
Skjalnr. 10252

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. maí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágreinnis um starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og gildistíma starfsleyfis. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2022.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. maí 2022 samþykkt.*
- KR svæðið - Frostaskjól 2-6, nýtt** (01.516.9) Mál nr. SN210824  
Skjalnr. 8223

*deiliskipulag*  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Bj. Snæ slf., Naustavör 20, 200 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir KR svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþróttar og félagsstarfsemi með byggingu íþróttar og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins samkvæmt uppdráttum ASK Arkitekta ehf. og Bj. Snæ slf. dags. 5. janúar 2022. Einnig er lagt fram minnisblað Alta dags. 28. desember 2018, drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla 221, Samgöngumat Eflu dags. 5. nóvember 2021 og samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og KR vegna uppbyggingar á svæðinu dags. 20. maí. 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þórlaug Jónsdóttir dags. 24. mars 2022, Sólveig Heiða Foss og Patrick Örn Hansen dags. 8. apríl 2022, Ólöf Ólafsdóttir og Helgi Snær Sigurðsson dags. 10. apríl 2022, Finnur Hilmarsson f.h. stjórnar Húsfélagsins Flyðrugranda 2-10 og Sindri Tryggvason f.h. stjórnar Húsfélagsins Flyðrugranda 12-20 dags. 12. apríl 2022, Björgvin Á. Bjarnason og Kristjana S. Kjartansdóttir dags. 12. apríl 2022, Björn Helgason f.h. Húsfélaganna á Meistaravöllum 31, 33 og 35 dags. 13. apríl 2022, Ólafur Friðriksson dags. 13. apríl 2022, Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 13. apríl 2022 og Hilmar Þór Björnsson dags. 13. apríl 2022. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Vesturbæjar vegna bókunar fulltrúa Pírata og fulltrúa íbúasamtaka dags. 18. mars 2022, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22.

mars 2022 og Veitna ohf. dags. 13. apríl 2022. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

3. **Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6),** (01.451.3) Mál nr. SN220211  
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 14567  
BBL 159 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram umsókn Hjalta Brynjólfssonar dags. 13. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 1 vegna lóðanna nr. 1 og 2 við Stefnisvog (reitir 1-2 og 1-6). Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-2: Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar eykst (flyst til frá lóð 1-6) og lóð 1-2 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn B-rýmis eykst um 30 m<sup>2</sup>. Heildarbyggingarmagn lóðar eykst. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-6: Fjórir húshlutar í stað þriggja ofan á bílageymslu og bundin byggingarlína íbúðarhús ofan á bílgeymslu breytist samhliða. Byggingarreitur og skörð með dvalarsvæðum milli húshluta breytast/færast til. Íbúðum er fjölgað úr 51 íbúð í 60 íbúðir. Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar minnkar (flyst til yfir á lóð 1-2) og lóð 1-6 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn neðanjarðar eykst. Heildarbyggingarmagn lóðar minnkar. Fjórar innkeyrslur í bílgeymslu í stað þriggja. Ofanvatnslausnir og svæði með gegndræpu yfirborði breytist í samræmi við breytingu á húshlutum, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupphdr. Arkþing/Nordic ehf. ódags. Einnig eru lagðir fram skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018, síðast br. 5. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
4. **Tunguháls 2, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220182  
Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Skjalnr.  
Lögð fram umsókn Landspítalans dags. 28. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Tunguháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs og gera nýjan byggingarreit á sunnanverðri lóðinni fyrir hjólaskýli, samkvæmt upphdr. THG arkitekta ehf. dags. 25. mars 2022.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1511/2021.*
5. **Úlfarsfell II, Niðurrif - íbúðarhús og hlaða** (00.076.002) Mál nr. BN060989  
TBA Heimilislækningar ehf, Pósthólf 39, 202 Kópavogur Skjalnr. 8533  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á íbúðarhúsi ásamt hlöðu og fjósi á lóð L 208499, Úlfarsfell II.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
6. **Ármúli 38, Breyta í íbúð - mh.02 3.hæð** (12.951.01) Mál nr. BN060263  
*Líklega breyting á erindi BN058595 -* Skjalnr. 13557  
*Grenndarkynna þarf br.*  
JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0302, matshluta 02, úr skrifstofu í íbúð í húsi á lóð nr. 38 við Ármúla.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli, breyting á** (01.730.0) Mál nr. SN220270  
 deiliskipulagi Skjalnr. 6896  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hörgshlíðar vegna lóðarinnar nr. 2 við Hamrahlíð, Hlíðarskóla. Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitir fyrir færanlegar kennslustofur sem ráðgert er að staðsetja á norðurmörkum lóðar meðfram Hamrahlíð norðan við núverandi battavöll, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta dags. 2.maí 2022, br 18. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Hamrahlíð 11, 13, 17 og 26.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
8. **Mosavegur hjúkrunarheimili, breyting á** Mál nr. SN220067  
 deiliskipulagi "Spöngin svæði H" Skjalnr.  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2022 var lögð fram drög að tillögu Trípólí arkitekta dags 4. febrúar 2022 að breytingu á deiliskipulagi "Spöngin svæði H". Breytingin felst í því að skilgreind er ný lóð 9750 m<sup>2</sup> að stærð. Heimildum til uppbyggingar á svæðinu er breytt þannig að í stað íþróttahús og sundlaugar verði heimilt að byggja 3-5 hæða hjúkrunarheimili með allt að 145 rýmum og tengdri þjónustu. Settir eru sérskilmálar fyrir uppbygginguna. Einnig lagt fram minnisblað FSR dags 10. mars 2022 með ábendingum um drögin og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. apríl 2022. Jafnframt er lagt fram nýtt minnisblað FSR dags. 9. maí 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.  
*Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.*
9. **Síðumúli 10, nýtt Geymsluhús** (12.923.01) Mál nr. BN060857  
 Skjalnr. 9761  
 Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja geymslu sem verður mhl. 02, suðvestan megin við mhl. 01 og gera glugga á norðvesturhlið og suðvesturhlið húss á lóð nr. 10 við Síðumúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022 samþykkt. Lagfærðir uppdrættir verða grenndarkynntir berist þeir.*
10. **Skipholt 33, (fsp) stækkun og hækkun húss** (01.251.1) Mál nr. SN220197  
 Skjalnr. 6321  
 LX fasteignir ehf, Skipholti 37, 105 Reykjavík  
 VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn LX fasteigna ehf. dags. 29. mars 2022 um stækkun og hækkun hússins á lóð nr. 33 við Skipholt, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 23 mars 2022.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Brekkustígur 9, Staekkun húss og breyting** (01.134.202) Mál nr. BN057519  
*lóðar* Skjalnr. 6440  
Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 4a, 6, 6Aa, 6b, 7, 8 og 10, Öldugötu 42, 44, 45 og 47 og Drafnarstíg 4, 7 og 9. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
12. **Framnesvegur 13, Sótt er um að setja svalir** (11.341.06) Mál nr. BN059355  
*og tröppur í garð* Skjalnr. 9468  
B10 fasteign ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og bæta við hurð, koma fyrir svölum og tröppum á suðurhlið íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 13. við Framnesveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 4, 4a, 4b og 6 og Framnesvegi 11, 11a og 15. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
13. **Reykjavíkurflugvöllur, framkvæmdaleyfi** (01.6) Mál nr. SN220255  
Skjalnr. 6767  
Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Öryggisfjarskipta ehf. dags. 4. maí 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir tengiveg frá Nauthólsvegi að flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli, samkvæmt uppdráttum Eflu dags. 24. febrúar 2022 og 27. og 28. apríl 2022. Einnig er lagt fram minnisblað Öryggisfjarskipta ódags. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*
14. **Laugavegur 157, (fsp) breyting á** (01.222.2) Mál nr. SN220192  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 14481  
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík  
L157 ehf., Melhaga 20, 107 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 6. apríl 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits vegna lóðarinnar nr. 157 við Laugaveg sem felst í fjölgun íbúða og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdráttum JDA ehf. dags. 21. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022 samþykkt.*

15. **Höfðabakki 7, breyting á deiliskipulagi** (04.070.4) Mál nr. SN220004  
Skjalnr. 6772  
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
HB 5-7 ehf., Höfðabakka 7, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 5. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 7. við Höfðabakka. Í breytingunni felst hækkun á mæni bakhúss um 2,5 m og við það skapast möguleiki á milligólfi. Nýtingarhlutfall helst óbreytt ásamt því að bílastæðakröfur eru uppfærðar í samræmi við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 18. maí 2022. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Höfðabakka 3 og 9, Stórhöfða 22-30 og Vagnhöfða 23 og 25.*  
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021*
16. **Köllunarklettsvegur 2, breyting á deiliskipulagi** (01.329.8) Mál nr. SN220279  
Skjalnr. 5478  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst stækkun á lóð til vesturs, stækkun á byggingarreit vegna viðbygginga og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 24. mars 2022. Bílastæði á lóð verða í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er lagt fram samþykki Faxaflóahafna dags. 29. apríl 2022.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1511/2021.*
17. **Sléttuvegur 25, íbúðir (Skógarvegur 4 og 10)** (17.931.01) Mál nr. BN060835  
Skjalnr. 13894  
Efri vör ehf., Brúnavegi Hrafnista, 104 Reykjavík  
Ölduvör ehf., Brúnavegi Hrafnistu, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteypt fjölbýlishús, klædd ljósri áklæðningu með 87 leiguíbúðum fyrir 60 ára og eldri, fjórar hæðir á jarðhæð og kjallara sem er tvöfaldur að hluta, sem verða Skógarvegur 4 og 10 með tengingum í bílakjallara og þjónustumiðstöð sem fyrir eru á lóð og verður mhl. 03 á lóð nr. 25 við Sléttuveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
18. **Tunguvegur 24, (fsp) stækkun húss o.fl.** (01.831) Mál nr. SN220285  
Skjalnr. 12738  
Hulda Sigmarsdóttir, Tunguvegur 24, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Huldu Sigmarsdóttur dags. 12. maí 2022 ásamt bréfi dags. 12. maí 2022 um að stækka byggingarreit lóðarinnar nr. 24 við Tunguveg, hækka þak hússins og gera portþak með kvistum og hækka nýtingarhlutfall, samkvæmt uppdr. ódags.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Brekknaás 6, Íbúðarhús með sex íbúðum** Mál nr. BN060530  
*fyrir fatlaða* Skjalnr. 14635  
 Félagshúsið hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 3. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja íbúðakjarna með sex íbúðum, starfsmannaaðstöðu og hjólageymslu á lóð nr. 6 við Brekknaás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Breyta þarf deiliskipulagi.*
20. **Geitland 2-12 og 1-43, (fsp) nr. 1 -** (01.851.1) Mál nr. SN220199  
*svalalokun* Skjalnr. 12130  
 Margrét Lára Jónsdóttir, Geitland 1, 108 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Margrétar Láru Jónsdóttur dags. 11. apríl 2022 um að loka svölum hússins að Geitlandi 1, lóð nr. 2-12 og 1-43 við Geitland, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur dags. 10. maí 2022.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
21. **Grundarhús 14, nr. 14 - garðskáli** (28.422.05) Mál nr. BN060955  
 Skjalnr. 14642  
 Andrzej Lukaszewicz, Grundarhús 14, 112 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja garðskála úr timbri og gleri við vesturhlið endaraðhúss nr. 14, mhl.06, á lóð nr. 14-24 við Grundarhús.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
22. **Engjavegur 13, Náttúru og fræðsluhús** (13.920.01) Mál nr. BN060944  
 Skjalnr. 13148  
 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja náttúru- og fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ásamt tengigangi við núverandi veitingasölu, í húsnæðinu verði jafnframt frístundaheimili fyrir börn í 3.-4. bekk með sér inngangi á suðausturhlið, þrjár kennslustofur á neðri hæð, stoðrymi og skrifstofur á efri hæð, mesti fjöldi í frístundaheimili er 25, heildarfjöldi sumarstarfsmanna er 100 og mest verða 200 börn í einu í frístund í húsi á lóð nr. 13 við Engjaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Neikvætt. Bílastæði við starfsmannahús samræmist ekki deiliskipulagi.*
23. **Hraunberg 5, (fsp) breyting á** (04.670.8) Mál nr. SN220259  
*hverfisskipulagi* Skjalnr. 10971  
 Icecard ehf., Þverholti 2, 270 Mosfellsbær  
 Lögð fram fyrirspurn Icecard ehf. dags. 5. maí 2022 ásamt bréfi Studio F ehf. dags. 5. maí 2022 um breytingu á hverfisskipulagi Efra Breiðholts vegna lóðarinnar nr. 5 við Hraunberg sem felst í að heimilt verði að rífa núverandi vinnustofu og bílgeymslu á suðausturhluta lóðar, gera byggingarreit fyrr fjölbýlishús á suðvesturhluta lóðar og bílastæði á austurhluta lóðar með innkeyrslu frá Hábergi, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. dags. 5. maí 2022.  
*Neikvætt. Samræmist ekki hverfisskipulagi.*
24. **Efstaleiti 19 (Efstaleiti 25B), (fsp) breyting** (01.745.2) Mál nr. SN220072  
*á notkun rýmis merkt 02 0121* Skjalnr. 14253  
 Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
 Skuggi 4 ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 7. febrúar 2022 um breytingu á notkun rýmis 02 0121 í húsinu að Efstaleiti 25B á lóð nr. 19 við Efstaleiti úr verslun í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022 samþykkt. Samræmist ekki deiliskipulagi.*

25. **Grandagarður 16, Hafnarvog og tilheyrandi** (11.143.01) Mál nr. BN060972  
*starfsaðstaða* Skjalnr. 12594  
Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera glugga, nýja inngangshurð og breyta innra skipulagi þannig að hluti af rýmum 0104 og 0105 eru sameinuð í eitt rými og innréttuð vinnuástaða á upphækkuðu gólfi, starfsmannaaðstaða og verkstæði fyrir starfsmenn nýrrar hafnarvogar sem komið verður fyrir í gryfju við suðvesturhlið húss á lóð nr. 16 við Grandagarð.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
26. **Hringbraut 50, (fsp) laufskáli** (01.162.4) Mál nr. SN220256  
Skjalnr. 5232  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Grund, Hringbraut 50, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2022 um að reisa laufskála í suðurgarði lóðarinnar nr. 50 við Hringbraut, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 2. maí 2022. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2022.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
27. **Krosshamrar 11-11A, breyting á** (02.294.7) Mál nr. SN220206  
Skjalnr. 14631  
*deiliskipulagi*  
Sigurður Ingi Kristófersson, Sunnubraut 14, 230 Keflavík  
Inga Hrönn Ásgeirsdóttir, Krosshamrar 11A, 112 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram umsókn Sigurðar Inga Kristóferssonar dags. 12. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 11. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 11-11A við Krosshamra. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit Krosshamra 11A til suðurs að opnu svæði og milli bílskúrs og íbúðarhúss. Með stækkuninni er gert ráð fyrir viðbyggingu við bílskúr og tengingu við íbúðarhús, samkvæmt uppdr. Sigurðar Inga Kristóferssonar dags. 16. maí 2022. Umsækjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindi nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Krosshömrum 9, 9a, 13, 13a og 15.*  
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
28. **Malarhöfði 2, staðsetning ökutækjaleigu** (04.055.7) Mál nr. SN220292  
Skjalnr. 7655  
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. maí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Reinhards Valgarðssonar f.h. Golden Circle Car rental um að reka ökutækjaleigu að Malarhöfða 2.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
29. **Stýrimannastígur 6, Stækka bíslag, nýjar** (11.352.09) Mál nr. BN060767  
Skjalnr. 14628  
*svalir, kvistur, pallur*  
Tómas Hrafn Sveinsson, Mánagata 9, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka bíslag, endurgera svalir á austurhlið, koma fyrir nýjum svölum og bíslagi á vesturhlið, gera kvist á suðurhlið og koma fyrir nýjum palli við norðurhlið húss á lóð nr. 6 við Stýrimannastíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*

30. **Óðinsgata 19, Endurnýja hús og fjölga íbúðum** (01.184.516) Mál nr. BN056675  
Skjalnr. 13616  
Arctic Tours ehf., Fornuströnd 8, 170 Seltjarnarnes  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt erum leyfi til að gera upp núverandi hús og bæta við einni íbúð á 1. hæð þannig að 3 íbúðir verða í húsinu, tvær íbúðir á fyrstu hæð, ein íbúð á annarri auk þess verður gerður nýr kjallari undir hluta húss á lóð nr. 19 við Óðinsgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 21. mars 2022 til og með 25. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir Sesseljudóttir og Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir dags. 24. apríl 2022.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
31. **Hlíðarendi - Reitir G, H og I, breyting á deiliskipulagi** (01.62) Mál nr. SN210489  
Skjalnr. 8573  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl 2022 en stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem ekki kemur fram hvernig fyrirhuguð breyting samræmist ákvæðum aðalskipulags fyrir svæðið. Gera þarf grein fyrir samræmi breytingarinnar við Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 svo sem hvað varðar uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á reit M5d (sbr. töflu 6.1). Einnig er bent á að í deiliskipulagsgögn vantar að gera greina fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt uppfærðum uppdrætti ASK arkitekta ehf. dags. 24. júní 2021, br. 3. maí 2022.  
*Uppfærður uppdráttur lagður fram.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:12.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir